

Nr.

201. Nefndarátt

á frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 5 frá 19. febr. 1886, um friðun á laxi (þingskjal 54).

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Nefndin, sem kosin var í þetta mál, hefir rætt það með sjer, en eigi getað orðið á eitt mál sátt um það. Meiri hluta nefndarinnar þykir oflangt gengið með frumvarpinu í þá átt, að ófriða laxinn og telur að með afnámi 36 stunda friðunar á viku sje gengið á rjett þeirra, er búa með laxveiðaánum ofanverðum Fyrir því leggur meiri hlutinn það til, að þetta frumvarp sje felt.

Hins vegar þykir meiri hluta nefndarinnar ekki ósanngjarnt að verða við óskum laxeigenda í Ölfusá um það, að heimila sýslunefnd Árnassýslu að setja reglur um laxveiði í Hvítá og Ölfusá, er veiti undanþágu frá ákvæðum laxveiðilaganna í 1. gr um 36 klukkustunda friðun á viku. Leyfir meiri hluti nefndarinnar sjer því, að koma með nýtt frumvarp, það er hjer fer á eftir og ræður til, að það verði samþykkt.

FRUMVARP

til laga um viðauka við lög nr. 5 frá 19. febr. 1886 um friðun á laxi.

Heimilt er sýslunefnd Árnassýslu að setja reglur um laxveiði í Hvítá og

Ölfusá um undanþágu frá 36 klukkustunda friðun þeirri, er um getur í 1. gr. laga nr. 5 frá 19. febr. 1886 um friðun á laxi.

Alþingi 23. júlí 1914.

Hjörtur Snorrason,
formaður.

Sigurður Sigurðsson,
skrifari.

Eggert Pálsson. Einar Arnórsson.

Nd.

202. Frumvarp

til laga um breytingar á lögum nr. 11. 20. okt. 1905, um landsdóm.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. gr.

11. gr. 1. málsg. síðasta setning orðist svo:

Dómruðning fer þannig fram, að báðir málsaðiljar, sóknari og ákærður eða verjandi hans, koma fyrir forseta á tilteknum stað og stundu, og ryður ákærður 1 af hinum lögskipuðu dómendum og 7 af hinum kjörnu, og sóknari ryður 1 af hinum lögskipuðu og 6 af hinum kjörnu.

2. gr.

Aftan við 14. gr. fyrri málsg. bætist:

er jafnan sje einn hinna lögskipuðu dómenda.

3. gr.

Í 16. gr. 2. málsgrein verði »⁴/₃« að:

²/₃.

Nd.

203. Nefndarálit

um frv. til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 44 frá 10. nóv. 1913 um forðagæslu.

Nefndin er sammála um það, að frv. þetta sje nauðsynleg breyting á forðagæslulögunum til þess að þau komi að fullum notum og leggur til að deildin samþykki það með fáeinum breytingum.

Það hefur komið í ljós, að í sumum hreppum er algerlega vanrækt að kjósa forðagæslumenn. Forðagæslulögin frá 10. nóv. 1913, ráða ekki heppilega fram úr þessu vandkvæði og úr því er bætt með 1. gr. þessa frv.

Samkvæmt 6. gr. forðagæslulaganna skulu forðagæslumenn gefa búendum »holl ráð og bendingar« en eftir 10. og 11. gr. skulu þeir »hvetja búanda til þess að afla sjer fódurs, ef unt er, eða ráða honum hverju hann skuli farga«. Þá geta þeir og skipað búandanum að afla sjer fódurbirgða eða farga búpening. Nú má eflaust gera ráð fyrir að þessum hollu ráðum og skipunum sje ekki ætíð hlýtt og er þá ekki hætt við að lögin nái ekki tilgangi sínum, verði pappírslög, sem valdi kostnaði einum og fyrirhöfn. Með 2. gr. frv. er hreppstjórum og sveitastjórnnum fengið nægilegt vald í hendur til þess að ráð forðagæslumanns komi að haldi og að peningur búenda falli ekki, ef nokkrum vörnum verður við komið.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. 2. gr. 2. setning 2. greinar orðist svo:

Skal hreppstjóri ef unt er, með ráði forðagæslumanns eða forðagæslumanns og hreppsnefndaroddvita, afla eða láta afla gegn ábyrgð sveitarsjóðs, en á kostnað búanda, fódurs handa skepnum hans eða koma þeim í fódur annarsstaðar o. s. frv.

2. Í 2. kafla 11. gr. falli burt orðin: »fódurskortí,«.

Einar Arnórsson
formaður.

Guðm. Hannesson
skrifari.

M. J. Kristjánsson.

Hjörtur Snorrason. Skúli Thoroddsen. Pjetur Jónsson. Sigurður Sigurðsson.

Ed. 204. Breytingartillaga

við breytingartillögu á þgskj. 195.

Flutningsm.: Karl Einarsson.

Í stað orðanna »3. gr. orðist svo« komi:

Verði breytingartillaga á þgskj. 177 samþykkt, orðist 3. gr. svo:

Ed. 205. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um stofnun kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands.

Frumvarp þetta fer fram á að stofnað verði til kenslu í grísku og latínu og þeim fræðum, er þar til teljast, við Háskóla Íslands.

Fyrir nokkrum árum gerðist sú nýbreytni hjer á landi, að úr lærða skólanum var afnumin með öllu kensla í grískri tungu og latínukenslan takmörkuð svo, að hún skyldi að eins fara fram í 3 efstu bekkjum skólans. En áður var nokkur þekking í latneskri tungu skilyrði fyrir inntöku í skólann og síðan var latínunámi haldið áfram gegn um allan skólann til burtfararprófs.

Gamli latínuskólinn var ein sú þjóðstofnun, sem landið hafði haft einna mestan sóma af. Innan lands hafði hann alt af verið mikils metinn, og háskólinn í Kaupmannahöfn hafði jafnan talið hann einn hinna bestu og merkustu skóla í ríkinu. En nýungagjarnir framfaramenn hjer á landi þóttust sjá, að auðgert væri að breyta honum í betra horf.

Aðalmarkmið þeirra virðist hafa verið, að ryðja fornmálunum úr skólanum. Hitt virðist ekki jafnljóst hvað í staðinn hafi átt að koma, hvort það hafi átt að vera nýju málin eða náttúruvísindin (reynsluvísindin). Í Mentaskólanum virðist hvorttveggja jafn rjetthátt.

Hjer skal ekkert út í það farið, hvort þessi breyting hafi verið heppileg eða ekki. En það er víst, að hjer höfum við Íslendingar tekið upp nýja stefnu. Engin þjóð önnur hefur gert fornmálin svo að segja landræk. Norðmenn munu hafa verið allra þjóða fjandsamlegastir gegn fornmálunum, en þó hafa þeir sjeð fyrir því, að þau væru kend við háskólann í Kristjaníu.

Það mun vera margra skoðun, að skóli vor, sá sem nú er, sé sniðinn eftir dönsku fyrirkomulagi. En þó hafa Danir skipað skólamálum sínum á alt annan hátt en vjer. Vjer eigum einn skóla, en þeir marga. Vjer höfum gert vorn eina æðri skóla að nýtungna eða náttúruvísindaskóla — hvort sem skal nefna hann. — En árið 1903 skiftu Danir skólum sínum í 3 flokka, og eru fornmálin kend í einum þeirra. Þess þarf naumast að geta, að Dönum myndi ekki detta í hug, að háskóli þeirra væri háskóli, ef forntungunum væri rýmt burtu þaðan. Margir hinna dönsku háskólakennara, ekki sist úr læknisfræðisdeildinni, telja það hinn mesta skaða fyrir háskólann, að stúdentar án klassískrar mentunar skuli hafa aðgang að honum.

Vel má vera að ung þjóðfjelög hallist fremur að reynsluvísindunum en frá forntungunum, en hitt er víst, að allar hinar fornu menningarþjóðir telja grísk-latneskan skólalærdóm allþýðingarmikið skilyrði fyrir fullkomnum mentunarþroska. Að vísu hefur mótspyrna gegn fornmálunum gert vart við sig bæði á Englandi, Frakklandi og Þýskalandi, en forntungufjendum í þeim löndum hefir þó orðið furðu lítið ágengt. Á Frakklandi hefir verið stofnað félag er nefnist: »Fjelagið til verndar frakkneskri menningu«, sem hefir það markmið að fá fornmálakenslu lögboðna í öllum æðri skólum. Og merkilegt er það, að forgöngumenn þessa fjelagsskapar eru einmitt ýmsir merkir kennarar í reynsluvísindum, kennarar við landbúnaðarháskóla, fjöllistaskóla o. s. frv.

Hjer á landi hafa fornmálin, sjerstaklega latinan, verið grundvöllur alls skólanáms frá því kristni kom hjer til lands. Alt fram að 1800 var latinan vísindamál Norðurálfunnar, og til þess tíma er tæpast mögulegt að skilja nokkurn áratug í sögu Íslands, án þess að kunna latínu. Flest tungumál Norðurálfunnar eru svo gegnofin latneskum og grískum orðstofnum, að mikið vandhæfi er á að skilja þau til fullnustu án kunnáttu í fornmálunum. Nýja testamentið á frummálinu er lokuð bók fyrir þá sem ekki skilja grísku, og getur það alls ekki talist hagkvæmt fyrir guðfræðisnemendur og presta landsins. Þess yerður heldur ekki

mjög langt að bíða, að skortur verði á hæfum mönnum til að kenna þá litlu latínu, sem kenna á í Mentaskólanum. Sömu vandkvæðin geta orðið með guðfræðis-
kensluna við Háskólann, ef grískukunnátta legst alveg niður.

Nefndin lítur því svo á, að fulla nauðsyn beri til þess, að stofna kenn-
arastól í klassískum fræðum við Háskólann eigi á annað borð ekki að gera þessi
fræði alveg landræk, en það telur nefndin alls ekki holt fyrir íslenska menning.
Kröfum tímans hefir ef til vill verið fullnægt, er þau voru gerð ræk úr lærða
skólanum, en þeim mun eigi að síður fullnægt, ef þeim er ætlaður griðastaður í
Háskólanum.

Vjer leggjum því til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu
einni, að 3. gr. frumvarpsins falli burtu og mun gerð frekari grein fyrir þeirri
breytingu í framsögu málsins:

BREYTINGARTILLAGA.

3. gr. frumvarpsins falli burt.

Alþingi 24. júlí 1914.

Karl Einarsson,
formaður.

Sigurður Stefánsson,
skrifari og framsögum.

H. J. Kristófersson.

Nd.

206. Breytingartillaga

við frumv. til laga um breytingar á ákvæðum siglingalaganna 22. nóv. 1913, um
skip, árekstur og björgun (þgskj. 187).

Frá nefndinni.

14. gr. orðist svo:

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella texta 1.—12.
gr. þeirra í meginmál o. s. frv.

Nd.

207. Nefndarátt

um frv. til laga um friðun hjera.

Nefndin er sammála fyrverandi stjórn um það, að rjett væri að flytja
hjer inn hjera, ef ekki þætti líklegt, að þeir myndu valda skemdum á landi o. fl.
En um þetta þýðingarmikla atriði hefir henni gengið treglega, að afla staðgóðra
upplýsinga.

Eftir ýmsum bókum að dæma fer því fjarri, að hjerar sjeu algjörlega
skaðlaus dýr. Hin alkunna danska búnaðarfræði »*Landmandsbogen*« telur þá

»mjög skaðleg dýr« fyrir sveitabændur. *Brüel*: »Bidrag til det praktiske Skogbrug«, segir þá nærgöngula í harðindum, eta alt, sem tönn festir á, engar girðingar halda þeim, nema þjett net, sem óviðast verði komið við, og enga leið til þess að útrýma þeim, nema skjóta þá. *Collet*: »Norges hvirveldyr«, segir þá hafast mest við í skóglendi, eta allskonar gras, helst smára, ber, en líka mýrgresi, bita nýgræðing í skógum, naga börk af birki og reynivið, einkum í harðindum. Þá leita þeir oft á nóttum inn í kálgarða og eru sólgirnir í kál.

Eftir þessum ummælum merkra fræðimanna að dæma, þótti nefndinni það vafamál, hvort áhættulaust væri að flytja hingað hjera, og auk þess viðbúið, að rót þeirra í jarðvegi gæti valdið uppblástri í sumum hjeruðum. Hún leitaði því umsagnar Kofod-Hansens skógræktarstjóra. Málið snertir hann flestum framar. Hann ritaði nefndinni brjef dags. 17. júlí 1914, sem prentað er með álitu nefndarinnar.

Nefndin vill ekki fullyrða, að brjef þetta taki af allan vafa, en hún átti ekki kost á því, að spyrja skógræktarstjóra K. H. frekar, vegna þess, að hann fór burtu úr bænum.

Að öllu athuguðu, telur nefndin þó líklegt, að gagn verði nokkurt af hjerunum og ekki tilfinnanlegur skaði, að hjer sem annarsstaðar kjósi menn heldur, að hafa hjerana en ekki. Hún er því ekki mótfallin, að frv. sje samþykkt.

Alþingi 24. júlí 1914.

Skúli Thoroddsen,
formaður.

Guðm. Hannesson,
ritari.

Hjörtur Snorrason. Þórarinn Benediktsson og Einar Jónsson.

Þar sem 2 alþingismenn hafa skorað á mig, að láta í ljós skoðun mína viðvikjandi innflutningi á hjerum, skal jeg taka fram það, sem hjer segir:

Í þeim löndum, þar sem þessi veiðidýr eiga heima, álíta skógræktarmenn svo, að þau geri talsverðan usla í ræktuðum skógum, með því að bita plönturnar í nýstofnuðum gróðrarstöðum. Þetta gera þau þó varla í stórum stýl, nema í hörðum vetrum, þegar skortur er annars fódurs, og geta þau þá stundum líka flýsjað börkinn á ungum trjám. Oft kemur fyrir, að hjerar fara á nóttum inn í kálgarða, og eta af káli og öðrum plöntum, og geta þá valdið mönnum tjóni á þann hátt. Hins vegar er óhætt að fullyrða, að hvergi mundu menn óska, að missa hjerana, þó að þessi dýr stundum geti gert skaða.

Í ræktuðum skógi hjer á landi geta hjerar gert skaða að eins í græðireitum, en hjer er um smá svæði að ræða, svo að hægt væri, að vernda þau fyrir hjerum, með því að setja upp virnet. Hið sama má segja um kálgarðana.

Að því er snertir óræktað land, þá mun sá skaði, sem hjerarnir geta gert, ávalt vera litilvægur í samanburði við þann, sem sauðfje gerir á gróður landsins.

Loksins væri hægt að gjöreyða hjerunum, þegar menn vilja ekki hafa þá lengur í landinu, en mörg ár myndu liða, áður en slíkt yrði nauðsynlegt. Jeg vil þess vegna mæla fram með því, að hin fyrirhugaða tilraun, að flytja inn hjera í landið, sje framkvæmd sem fyrst.

Reykjavík 17. júlí 1914.

Virðingarfyllt

A. F. Kofod-Hansen.

Til
Alþingis

Nd.

208. Nefndarálit

i

málinu: Frumvarp til laga um landsdóm.

Það hefir orðið að ráði í nefndinni, að halda eigi til streitu nú á þessu þingi frumvarpi því, er tveir nefndarmanna (B. J. og E. A.) hafa flutt í deildinni, og taka þeir frv. því aftur.

Nefndin er að vísu öll þeirrar skoðunar, að þörf sje á að endurskoða lögini um landsdóm, nr. 11 frá 20. okt. 1905. En meiri hluti nefndarinnar (J. M., E. J. og P. J.) telur málið eigi nægilega undirbúið til þess að ný lög um það verði samþykkt nú þegar á þessu þingi. Það hefir því orðið að samkomulagi, að beina málinu til landsstjórnarinnar, og vill nefndin fara fram á það, að stjórnin undirbúi málið og leggi fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til laga um landsdóm.

Meiri hluti nefndarinnar (B. J., E. A. og P. J.) telur þó ekkert vera því til fyrirstöðu, að nú þegar sjeu bætur ráðnar á mestu göllunum, er mönnum virðist koma saman um, að sjeu á landsdómslögum, þeim er nú gilda. Þessir aðal-gallar eru:

1. Ákvæði 11. gr. um *dómruðningu*. Fer meiri hluta nefndarinnar fram á það í frumvarpi, sem hann leyfir sjer að leggja fyrir háttv. deild, að þessu ákvæði verði þann veg breytt, að eigi sje rutt nema 2 hinna sjálfkjörnu dómandi og að jafn sje ruðningarrjettur beggja málsaðilja, svo sem við verður komið, eftir því skipulagi, sem á dóminum er samkvæmt nógildandi lögum.
2. Þá er farið fram á það, að ákveðið verði, að *forseti dómsins skuli ávallt verða tekinn úr flokki hinna lögfróðu sjálfkjörnu dómandi*. Þykir þar með fengin meiri trygging fyrir því, að dómurinn ræki löglega og skipulega starfa sinn en nú er, þar sem dómsforseti getur verið ólögfróður maður, sem ef til vill hefir aldrei í dómi setið og aldrei við dómstörf fengist.
3. Þá er ákvæði 16. gr. landsdómslaganna um það, *hvern meiri hluta þurfi til þess að dæma ráðherra til refsingar eða skaðabóta*. Nú þarf $\frac{4}{5}$ dómandi til þess, eða 12 af 15, ef dómur er fullskipaður. Nú mega hið fæsta 12 skipa dóminn. Ef dómendur eru að eins 12 eða 13 þarf 10 til að dæma ákærðan sekan. Ef þeir eru 14 þarf 11. Þetta þykir meiri hluta nefndarinnar of harðar kröfur, enda mundu miklar vera sakir og öldungis auðsæjar, ef eigi fengjust 3—4 dómendur til þess að greiða atkvæði með sýknun ákærðs.

Að þessu sinni hefir meiri hluti nefndarinnar viljað láta sjer nægja með að fara fram á þessar breytingar á landsdómslögum. Og leyfir meiri hlutinn sjer að ráða háttv. deild til þess að samþykkja frv. á þingskj. 202.

Alþingi 24. júlí 1914.

Jón Magnússon,
formaður.

Einar Arnórsson,
skrifari.

Þorleifur Jónsson. Bjarni Jónsson frá Vogu. Einar Jónsson.

Ed.

209. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um sauðfjárbaðanir nr. 46, 10. nóv. 1913.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

3. gr. orðist þannig:

Stjórnarráðið gefi með ráði dýralæknis út fyrirskipun um það, hvaða baðlyfja tegundir skuli nota og jafnframt greinilegar leiðbeiningar um meðferð og notkun þeirra.

2. gr.

4. gr. orðist þannig:

Fyrirskipanir um það, hver baðlyf skuli nota, skulu birtar í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar fyrir 1. dag júnímánaðar ár hvert.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu hver í sinu umdæmi hlutast til um, að allir fjáreigendur í hreppum eða kaupstöðum hafi pantað næg baðlyf á sauðfje sitt, svo snemma að böðun geti farið fram samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

4. gr.

Þá er lög þessi öðlast staðfestingu konungs, skulu þau færð inn í texta laganna um sauðfjárbaðanir nr. 46 frá 10. nóv. 1913, og getur konungur gefið út þau lög þannig breytt sem lög um sauðfjárbaðanir.

Nd.

210. Breytingartillaga

við frv. til laga um sparisjóði. (þgskj. 181).

Flutningsm.: Guðm. Hannesson, Sveinn Björnsson, Sig. Gunnarsson, Matth. Ólafsson og M. J. Kristjánsson.

1. Við 9. gr. orðin: »en skuldbindandi . . . af bókará« falli burt.
2. Á eftir 20. gr. komi ný grein og greinatalan breytist eftir því:

21. gr.

Stjórnarráðið hefir eftirlit með sparisjóðum og startsemi þeirra. Það lætur svo fljótt sem unt er bankavanan mann athuga nákvæmlega allan hag, startsemi og fyrirkomulag sparisjóða í landinu og leiðbeina eftir þörfum í öllu því, er lög þessi krefjast um startsemi og skipulag sparisjóða. Að loknu eftirliti gefur hann stjórnarráðinu nákvæma skýrslu um allan hag og ástand sjóðanna.

Samskonar eftirlit getur stjórnarráðið haft með nokkrum sparisjóðum á ári hverju, og skal þá einkum taka tillit til stærstu sparisjóðanna.

Eftirlitsmaður getur krafist allra nauðsynlegra upplýsinga um rekstur sparisjóða, allan hag þeirra og fyrirkomulag. Skylt er stjórnendum og starfsmönnum sparisjóða að láta stjórnarráðinu í tje allar skýrslur um rekstur sparisjóða og allan hag þeirra, er nauðsyn þykir að krefjast, og getur stjórnarráðið látið heita dagsektum alt að 5 kr. á dag, ef óhlýðnast er. Sektir skal ákveða með brjefi til hlutaðeiganda. Sektarfjeð rennur í landssjóð og má taka það lögtaki, ef það ekki er greitt í gjalddaga.

Stjórnarráðið semur erindisbrjef handa eftirlitsmanni.

Í fjárlögum skal veita hæfilega upphæð til eftirlits með sparisjóðum.

Nd.

211. Frumvarp

til laga um notkun bifreiða.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Bifreið nefnist í lögum þessum hver sá vagn, sem er knúinn áfram með aflvjel í vagninum sjálfum, og ætlaður til að flytja fólk eða varning. Lögin ná ekki til vagna, sem renna á spori, eða eru notaðir eingöngu af slökkviliði.

2. gr.

Stjórnarráðið getur, eftir að hafa leitað álits hlutaðeigandi sýslunefndar eða bæjarstjórnar, takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum eða vegaköflum með öllu, eða um tiltekinn tíma, ef slík umferð álist hættuleg eða til sjerlegra óþæginda fyrir aðra umferð.

3. gr.

Bifreiðar skulu svo gerðar, að þær geti farið eftir kröppum bugðum og auðvelt sje að snúa þeim. Sje bifreið þyngri en 350 kg., skal aflvjelin geta knúið hana aptur á bak sem áfram. Ekki má nota breiðari bifreiðar en svo, að mesta breidd utanmáls sje 1,75 metrar; þó getur stjórnarráðið veitt undanþágu frá þessu að því er sjerstaka vegarkafli snertir.

Á hverri bifreið skulu vera:

1. tvennir hemlar svo sterkir, að með hvorum þeirra megi stöðva vagninn innan tveggja vagnlengda, þó hann renni með fullum hraða (35 km.), og umbúnaður, sem varni því, að vagninn geti runnið forbrekkis, ef annarhvor hemillinn orkar ekki.

2. horn, til þess að gefa með hljóðmerki.
3. enn fremur þegar dimt er:
 - a. tvö tendruð ljósker, sitt á hvorri hlið bifreiðarinnar framantil, og í sömu hæð, sem lýsa svo, að ökumaður sjái að minsta kosti 12 metra fram á veginn.
 - b. eitt ljós, sem ber skæra birtu á merki vagnsins.Stjórnarráðið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um gerð bifreiða, þar á meðal sjerstaklega um þyngd þeirra.

4. gr.

Sjerhver bifreiðareigandi skal senda lögreglustjóranum í því umdæmi, sem hann er búsettur í, tilkynning um bifreið sína, áður en hún er tekin til notkunar. Skal lögreglustjóri síðan láta fara fram skoðun á vagninum, og greiðir vagneigandinn kostnaðinn við skoðunina. Ef vagninn samkvæmt skoðuninni fullnægir ákvæðum þessara laga og þeirra reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim, skal lögreglustjóri skrásetja vagninn og afhenda eiganda merki, sem setja skal aftan á vagninn, og ekki má taka af honum meðan hann er notaður. Verði eigandaskifti að bifreið, skal bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra. Flytji bifreiðareigandi úr einu lögsagnarumdæmi í annað, skal hann senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna, og skal þá lögreglan taka ákvörðun um, hvort breyta þurfi merki vagns hans.

Lögreglustjóri getur, hvenær sem ástæða er til, látið fara fram nýja skoðun á bifreið, og komi það þá í ljós, að hún fullnægi ekki lengur ákvæðum laga og reglugerða, getur hann bannað notkun bifreiðarinnar, og tekið merkið af henni.

5. gr.

Enginn má stýra bifreið, nema hann sje fullra 18 ára að aldri, og hafi ökuskirteini frá lögreglustjóra, sem heimilar honum að stýra bifreið.

Til þess að öðlast slíkt ökuskirteini, verður blutaðeigandi að sýna vottorð frá lækni um að hann hafi fulla sjón, og vottorð tveggja valinkunnra manna um að hann sje áreiðanlegur og samviskusamur. Enn fremur verður hann að standast próf, samkvæmt ákvæðum, er stjórnarráðið setur með reglugerð; þó má í þeirri reglugerð ákveða að sá þurfi ekki að taka próf, sem hefir skirteini frá erlendum stjórnarvöldum.

Lögreglustjóri getur svißt hvern þann ökuskirteini um tiltekinn tíma eða fyrir fult og alt, sem er dæmdur í refsingu fyrir brot á lögum þessum eða reglugerðum þeim, sem settar verða samkvæmt þeim, og sömuleiðis hvern þann, sem álitid er að hafi ekki lengur þá eiginleika, er útheimtast til þess að fá ökuskirteini.

6. gr.

Ökuhraðann skal ávalt tempru svo, að komist verði hjá slysum og ekki sje trufluð umferðin.

Í kaupstöðum, kauptúnum og ámóta þjettbýli má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 15 km. á klukkustund, nema stjórnarráðið hafi leyft meiri hraða

eftir tillögum hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar. Utan þessara staða má hraðinn vera meiri, ef næg útsýn er yfir veginn og ökumaður samt sem áður getur fullnægt öllum skyldum sínum, þó aldrei meiri en 35 km. á klukkustund. Í dimmu má hraðinn aldrei vera meiri en 15 km. á klukkustund.

Þar sem ökumaður sjer ekki langt fram á veginn, í kröppum bugum, við vegamót eða gatnamót, þar sem vegurinn er sleipur og þar sem mikil umferð er, má ekki aka hraðara en svo, að stöðva megi vagninn þegar í stað. Sje for á veginum, skal aka svo gætilega, að ekki slettist á aðra vegfarendur.

7. gr.

Ef bifreið mætir vegfarendum, skal hún halda sjer vinstra megin á veginum. Bifreiðin skal þegar nema staðar, ef sá sem hún mætir gefur merki, eða ökumaður sjer að hestur hræðist eða verður órór, og skal hann gera það, sem í hans valdi stendur til þess að hestarnir komist fram hjá bifreiðinni án þess að fælast. Sömu varúðar skal bifreiðarstjóri gæta, er hann vill fara fram fyrir vegfarendur, sem eru á undan honum, en þá skal bifreiðin vera hægra megin á veginum. Hins vegar skulu vegfarendur jafnan vikja úr vegi fyrir bifreiðum sem öðrum vögnum, og aldrei tefja för þeirra að óþörfu.

Ef bifreið mætir vögnum eða vegfarendum á þeim stað, þar sem vegurinn er svo mjór, að ekki komast hvorir fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar, þar sem hinir komast fram hjá henni.

8. gr.

Ökumaður bifreiðar skal gefa merki með horni sínu í tæka tíð, þegar hætt er við árekstri. Hann skal þegar í stað hætta að gefa hljóðmerki ef hestar hræðast eða verða óróir, og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum á veginum.

9. gr.

Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun bifreiðar, skal ökumaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi ef krafist er, og hjálpa þeim, er slasast hefir, ef þörf gerist.

10. gr.

Óski útlendingur að nota um stuttan tíma bifreið, sem hann hefir með sjer frá útlöndum, getur lögreglustjóri í því lögsagnarumdæmi, þar sem hann fyrst vill nota vagninn, veitt honum tímabundið leyfi til þess að nota bifreiðina, þó ekki lengur en 3 mánuði, með skilyrðum þeim, er þurfa þykir til þess að ná tilgangi þessara laga. Leyfi þetta getur lögreglustjórinn í hverju því lögsagnarumdæmi, sem bifreiðin er notuð í, afturkallað ef honum þykir ástæða til.

11. gr.

Tvihnjóla bifreiðar og þær þrihnjóla, sem ætlaðar eru einum manni, þurfa ekki að hafa nema einn sterkan hemil og eitt skært ljós í dimmu (sbr. 3. gr.).

12. gr.

Brot gegn lögum þessum og gegn reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 10 til 500 kr., nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum.

13. gr.

Hljótist slys eða tjón af notkun bifreiðar, annaðhvort beinlínis af akstri hennar, eða af því að hestur vegfaranda fælist, eða á annan svipaðan hátt, er sá, sem ber ábyrgð á bifreiðinni, skaðabótaskyldur, nema sá, sem fyrir slysinu eða tjóninu varð, eða einhver þriðji maður, hafi orðið valdur að slysinu eða tjóninu af ásettu ráði eða með vitaverðri óvarkárni, eða uppvíst verður að slysið hlaut að vilja til, þrátt fyrir þá aðgæslu og varkárni, sem ökumanni er skylt að gæta.

Framanskráð regla gildir þó ekki um slys eða tjón á fólki eða varningi, sem bifreiðin flytur, nema ræða sje um bifreið, sem er til afnota fyrir almenning gegn borgun. Að öðru leyti fer um skaðabótaskyldu fyrir slík slys eða tjón eftir almennum reglum.

14. gr.

Eigandi bifreiðar ber ábyrgð á henni og er skaðabótaskyldur samkvæmt 13. gr. Noti maður bifreið annars manns í heimildarleysi færast skaðabótaskylda eigandans yfir á notandann.

15. gr.

Með framangreindum ákvæðum um skaðabótaskyldu er ekki skertur neinn sá rjettur til skaðabóta, sem leiðir af almennum reglum.

Nd.

212. Frumvarp

til laga um breytingu á tollögum nr. 54, 11. júlí 1911.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Fyrri liður 8. greinar tolllaga frá 11. júlí 1911 hljóði þannig:

Nú verður maður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um gjaldskyldar vörur, sem hann hefir innflutt eða veitt móttöku, eða gefið ranga yfirlýsing um það, eða ekki skeytt því, að skýra lögreglustjóra frá tollskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, innan þess tíma, er segir í 4. gr., og skal hann þá sæta sektum frá 50 til 1000 kr., og gjaldi auk þess þrefalda þá upphæð gjaldsins, er hann hefir reynt að draga undan. Auk þess skal hver sá, er uppvís verður að tollsvikum, sæta hegningu eftir 155. grein almennra hegningarlaga, þegar svo á stendur, sem þar segir. Hafi hinn seki verslunarleyfi, fyrirgerir hann því við 3. brot, og getur ekki fengið nýtt verslunarleyfi fyr en eftir 5 ár.

Ölfusá um undanþágu frá 36 klukkustunda friðun þeirri, er um getur í 1. gr. laga nr. 5 frá 19. febr. 1886 um friðun á laxi.

Alþingi 23. júlí 1914.

Hjörtur Snorrason,
formaður.

Sigurður Sigurðsson,
skrifari.

Eggert Pálsson. Einar Arnórsson.